SÝSLUMAÐURINN Á NORÐURLANDI EYSTRA

**Umsagnaraðilar rekstrarleyfis**
**til sölu gistingar**
**og/eða veitingu veitinga**

Húsavík, 24. febrúar 2021

**Efni: Umsögn vegna umsóknar um rekstrarleyfi skv. lögum um veitingastaði, gististaði og skemmtanahald nr. 85/2007, með síðari breytingum.**

Sýslumaðurinn á Norðurlandi eystra hefur til meðferðar umsókn eftirfarandi aðila um rekstrarleyfi, sbr. meðfylgjandi afrit umsóknar.

**Flokkur II - Umfangslitlir áfengisveitingastaðir**

| | |
|---|---|
| **Umsækjandi:** | AnnAssist ehf kt. 580219-0980, Munkaþverárstræti 13, 600 Akureyri |
| **Forsvarsmaður:** | Annemieke Presburg kt. 140272-2489, Munkaþverárstræti 13, Akureyri |
| **Staðsetning:** | Skíðahótel og Strýta skáli Hlíðarfjalli, 601 Akureyri |
| **Heiti reksturs:** | Skíðahótel Hlíðarfjalli |

Með vísan til 4. mgr. 10. gr. laga nr. 85/2007, um veitingastaði, gististaði og skemmtanahald er hér með óskað eftir skriflegri umsögn yðar um hina fyrirhugaða starfsemi. Vakin er athygli á því, að skv. b-lið 7. gr. laga nr. 67/2016, um breytingu á lögum nr. 85/2007, skulu eftirtalin atriði staðfest í umsögnum sveitarstjórna:

- að starfsemi sé í samræmi við byggingarleyfi og skipulagsskilmála,
- að lokaúttekt hafi farið fram á húsnæðinu,
- að afgreiðslutími og staðsetning staðar sem umsókn lýtur að sé innan þeirra marka sem reglur og skipulag sveitarfélagsins segja til um,
- að starfsemi sé í samræmi við ákvæði laga um hollustuhætti og mengunarvarnir og laga um matvæli og, þegar við á, mat heilbrigðisnefndar á grenndaráhrifum starfseminnar, þ.m.t. hljóðvist,
- að kröfum um brunavarnir sé fullnægt samkvæmt mati slökkviliðs

Með vísan til 2. mgr. 9. gr. stjórnsýslulaga nr. 37/1993 og 2. mgr. 23. gr. reglugerðar nr. 1277/2016, um veitingastaði, gististaði og skemmtanahald, óskast umsögn veitt við fyrsta hentugleika og eigi síðar en 45 dögum frá móttöku bréfs þessa. Berist umsögnin ekki innan framagreinds frest er leyfisveitanda heimilt að gefa út leyfi þrátt fyrir að umsögn hafi ekki borist.

**F.h. Sýslumannsins á Norðurlandi eystra**

Jóna Matthíasdóttir
jonam@syslumenn.is